

Hvammstangi 8. október 2020

**Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið**  
**b.t. Jón Þrándur Stefánsson**  
**Skúlagötu 4**  
**150 Reykjavík.**

**Varðar: Sérstakar reglur um úthlutun byggðakvóta 2020/2021**

Á 311. fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra þann 8. október sl. var eftirfarandi fært til bókar við 7. lið:

„Lögð fram eftirfarandi tillaga að reglum um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2020-2021:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir eftirfarandi reglur um úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2020/2021:

Ákvæði reglugerðar nr. 728/2020 gilda um úthlutun byggðakvóta Hvammstanga með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a. 80% af byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og fengið hafa úthlutun samkvæmt reglugerð nr. 731/2020 vegna aflabrests á rækju í innanverðum Húnaflóa og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 728/2020, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2020/2021. Við skiptingu þessa 80% byggðakvóta Húnaþings vestra, til ofangreindra skipa, skal miða við meðaltal landaðs botnfiskafla í þorskígildum talið, í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í Hvammstangahöfn, síðastliðin þrjú fiskveiðiár. Viðmiðunarárin eru 3 síðustu fiskveiðiár, nú 2017/2018, 2018/2019 og 2019/2020.
- b. 20% af byggðakvóta Húnaþings vestra verður skipt milli þeirra fiskiskipa sem gerð eru út frá Hvammstanga og uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 571/2020, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2020/2021, miðað við meðaltal landaðs botnfiskafla, í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í Hvammstangahöfn síðastliðin þrjú fiskveiðiár, í þorskígildum talið. Viðmiðunarárin eru 3 síðustu fiskveiðiár, nú 2017/2018, 2018/2019 og 2019/2020.
- b) Skip eiga rétt til úthlutunar úr báðum pottum samkvæmt a- og b-lið, að uppfylltum skilyrðum.
- c) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.

Rökstuðningur/viðaukar/breytingar frá reglugerð 728/2020 er felast í tillögum Húnaþings vestra eru byggð á eftirfarandi:


Í samræmi við tilmæli Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, sbr. bréf dags. 11. september 2020, er horft til mögulegrar verðmætaaukningar og atvinnusköpunar sem hafa má af byggðakvóta og því að megintilgangur byggðakvótans sé að stuðla að aukinni atvinnusköpun í byggðarlaginu.

Rökstuðningur byggðarráðs er sá að í byggðarlaginu er engin bolfiskvinnsla.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.“

Ofangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,



Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, sveitarstjóri.